

Ísótóparannsókn á hjartavef

Ísótóparannsóknin veitir upplýsingar um uppsöfnun ákveðinna próteina í hjartavef. Rannsóknin er gerð í tvennu lagi og gera þarf ráð fyrir að 2-3 klukkustundir líði á milli koma.

Undirbúningur

Ráðlagt er að skilja skartgripi eftir heima.

Rannsóknardagur

- Við komu á deild er settur æðaleggur í handlegg og í hann er gefinn ísótópur sem er geislavirkt efni.
- Þegar búið er að gefa efnið í æð er æðaleggurinn fjarlægður. Það tekur efnið 2-3 klukkustundir að setjast í hjartavef.
- Fara má af deild milli inngjafar og myndatöku, en einnig er velkomið er að bíða á deildinni. Í rannsókninni þarf að liggja kyrr á rannsóknarbekk á meðan myndavélar nema geislun frá líkamanum.



Best er að nota inngang Eiríksstötu megin og gefa sig fram við afgreiðslu deildar 10G. Athygli er vakin á því að bílastæðin eru gjaldskyld.

Koma 1: Gefinn ísótópur

- Inngjöf tekur um 15 mínútur.
- Drekka þarf 500 ml af vökva fyrstu klukkustundina eftir inngjöf.

Koma 2: Myndataka

- Mæta þarf aftur 2-3 klukkustundum eftir að ísótópur var gefinn.
- Myndataka tekur 40-60 mínútur.

Eftir rannsókn

- Niðurstöður rannsóknar berast innan tveggja vikna til þess læknis sem pantaði rannsóknina.
- Mikilvægt er að drekka vel eftir rannsóknina það sem eftir er dags því efnið skilst úr líkamanum með þvagi.
- Þar sem geislavirkt efni er notað í rannsókninni þarf að forðast mikla nærveru við aðra í 24 klukkustundir eftir rannsóknina, meðan efnið er að fara úr líkamanum. Mikilvægt er að forðast alla snertingu við barnshafandi konur og að hafa börn í fanginu þar sem þau eru viðkvæmari fyrir geislun en fullorðnir.
- Ef fyrirhugað er að ferðast til útlanda skömmu eftir rannsókn er ráðlagt að fá vottorð til að framvísa á flugvellinum. Starfsfólk deildar veitir nánari upplýsingar um það.

Velkomið er að hafa samband ef spurningar vakna.

Ísótópastofa Landspítala við Hringbraut, sími 543 5050, isotop@landspitali.is